



Alþingi
Erindi nr. P 127/717
komudagur 18.2.2002

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

Reykjavík, 15. febrúar 2002

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um bókhald, ársreikninga og skattalög (347. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 1. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál. SBV í samstarfi við Samtök atvinnulífsins hafa á undanförunum miss-erum hvatt hafa mjög til þess að bæta samkeppnisumhverfi hérlendra alþjóðafyrirtækja með því að heimila færslu bókhalds og skattauppgjör í erlendri mynt. Í ljósi þess fagna SBV fram komnu frumvarpi.

Frumvarpið kemur þó ekki nægilega til móts við þau markmið sem að var stefnt. Í fyrsta lagi gerir það ekki ráð fyrir að heimila að talið verði fram til skatts í þeirri mynt sem uppgjör fer fram í. Þá er mælt fyrir um að samhliða uppgjóri í erlendu myntinni verði viðkomandi fyrirtæki að halda bókhald í krónum.

Ljóst er að framangreindar takmarkanir draga verulega úr því hagræði sem heimild til uppgjörs í erlendri mynt annars hefði. Áskilnaður um tvöfalt bókhald er fremur til að flækja, en einfalda, uppgjörsmál þeirra fyrirtækja sem kjósa að nýta sér heimildina. Eðlilegast væri að heimila að telja fram til skatts í þeirri mynt sem uppgjör fer fram í. Ef nefndin telur ekki hægt að stíga það skref til fulls, þarf a.m.k. útfæra leiðir þannig að uppgjorið verði alfarið í erlendu myntinni en vegna skattframtals verði niðurstöðutölur færðar yfir í krónur, annað hvort miðað við gengi í lok reikningsárs eða meðalgengi myntar á því ári.

Virðingarfyllst,

Guðjón Rúnarsson,
frankvæmdastjóri